

Skipulagsstofnun
b/t Jakobs Gunnarssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. ágúst 2020
UST202006-257/A.G.E.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Röndin Kópaskeri - Fiskeldi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fiskeldi Austfjarða hf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) ráðgerir að sækja um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun fyrir fiskeldisstöð á Röndinni við ósa Snartarstaðarlækjar á Kópaskeri. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta eldisins verði um 2.000 tonn af laxfiskum á ári á hverjum kerjapalli. Fyrirspurn þessi um matskyldu framkvæmdar snýst um byggingu á einum kerjapalli en deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 4 kerjapöllum. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir átta virkum borholum innan lóðar og vatnstaka úr borholum verði um 200 l/sek að ársmeðaltali. Í greinargerð er tekið fram að ekki sé nauðsynlegt að gera frekari tilraunaboranir og að vísbendingar bendi til þess að borholur verði boraðar vestast við lóðamörk rekstraraðila. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu sem samþykkt var í ársbyrjun 2020.

Ekki er skýrt í greinargerð hver standandi lífmassi verður í stöðinni en Umhverfisstofnun mun tiltaka umfang starfsemi sem heimilan lífmassa á hverjum tíma í starfsleyfi. Því þarf að koma fram í starfsleyfisumsókn rekstraraðila hver áætlaður hámarks lífmassi í stöðinni verði þ.e. standandi lífmassi.

Þessu tengt tekur Umhverfisstofnun fram að hún telur ekki rétt að tilkynningu um fyrirhugað fiskeldi sé skipt niður í smærri framkvæmdar einingar.t.t. tilkynningu til mats á umhverfisáhrifum. Ef rekstraraðili stefnir á eldi, til framtíðar, á allt að 8.000 tonna eldi/ári á fjórum kerpöllum (2.000 tonn á hverjum) líkt og gert er ráð fyrir í deiliskipulagi, þá telur stofnunin að þessi tilkynning til mats ætti að fjalla um 8.000 tonna eldi. Ekki er ráðlegt að mati Umhverfisstofnunar að byrja aðeins á að tilkynna inn 2.000 tonna eldi en síðar tilkynna um stækkun upp í 8.000 tonn eða tilkynna stækkun í minni skrefum.

Umhverfisstofnun bendir á að til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf ekki einungis starfsleyfi Umhverfisstofnunar helur einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Matsskyldufyrirspurn

Taka skal mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun tók afstöðu til mats á eftirfarandi umhverfisþáttum; mannvirki framkvæmdar, ásýnd og landslag, svæði á náttúruminjaskrá, dýralíf og náttúrufar, vatnsnýting, frárennsli og áhrif á viðtaka. Einnig er fjallað um lög um stjórn vatnamála og forsendur mengunarvarna-ákvæða í starfsleyfi eldisins.

Byggingar, lóðir og ásýnd

Matsskyldufyrirspurn þessi snýr að bygginu á einum kerjapalli en innan byggingarreitsins er heimilt að reisa allt að 8 fiskeldisker á pallinum sem hvert um sig er allt að 17 m í þvermál og 1.000 m³ að rúmtaki. Veggjahæð kerja skal að hámarki vera 4,5 m og skal botn kerja frá óhreyfðu landi vera að hámarki 1,0 m. Heimilt er að byggja skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits. Vegghæð skýla eða húsa má vera allt að 6,5 m og skulu þau vera með mænispaki og mænishæð að hámarki 9,5 m frá botni kerja. Áætluð efnistaka verður á byggingarstað og úr námum innan sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð um að litaval og útlit bygginga verði á þann máta að falla vel að ásýnd og landslagi. Stofnunin bendir jafnframt á að við litaval á fódurslóum hafi grár litur, dauf brúnn eða dauf grænn minnstu sjónrænu áhrifin miðað við staðsetningu framkvæmdar, í þessu tilviki landslagi með melum og söndum. Þá telur stofnunin hvít fódursló líkleg til að skera sig úr og verða mjög sýnileg í landslaginu.

Gert er ráð fyrir að jarðstrengur verði lagður frá háspennustreng að mannvirkjum innan lóðarinnar í samvinnu við RARIK. Að mati Umhverfisstofnunar telst jarðstrengslagning hér vera tengd framkvæmd uppbyggingu fiskeldisstöðvar. Umhverfisstofnun vekur athygli á 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem fjallar um vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Votlendi yfir 2 ha (20.000 m²) stærð eru þar á meðal og því mikilvægt að af því sé tekið mið við ákvörðun staðsetningar á jarðstreng.

Náttúruminjaskrá

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er svæði sem flokkað er á náttúruminjaskrá. Tiltekna svæðið er númer 537 og kallast *Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi*. Svæðinu er lýst sem jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum og jökulruðningi en þar eru einnig minjar um hopunarsögu ísaldarjökuls. Í greinargerð er tekið fram að þess muni vera gætt að jökulruðningur og sjávarbakki sem þykja merkar náttúruminjar séu utan lóðar og verði ekki fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi. Auk þess séu skilmálar settir í deiliskipulag um að raski skuli haldið í lágmarki. Jafnframt skulu undirstöður mannvirkja ekki grafnar meira niður en nauðsyn krefur. Þá er gert ráð fyrir að botnplötur mannvirkja verði að mestu ofan á núverandi landi sem þó verður sléttað eftir þörfum. Framkvæmdaraðili telur að uppbygging fiskeldisstöðvar valdi óverulegum áhrifum á jarðminjar og vernd.

Umhverfisstofnun tekur ekki undir mat framkvæmdaraðila um áhrif framkvæmdar á svæði á náttúruminjaskrá. Svæði nr. 537 nær umfram fyrirhuguð lóðamörk framkvæmdar, samanber mynd á bls. 12 í greinargerð. Umhverfisstofnun vísar í eldri umsögn er varðar tillögu á breytingu aðalskipulags Norðurþings og nýs deiliskipulags fyrir Röndina á Kópaskeri, dagssett 30. janúar 2020. Í umsögninni kemur skýrt fram að stofnunin telur að

tillagan muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, muni raska minjum og rýra verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að því að halda raski í lágmarki við aðra framkvæmdarliði en einungis byggingu sjálfra eldihúsanna. Þá ber að nefna lagning veitulagna, gerð aðkomuvegar, lagningu jarðstrengs og fleiri framkvæmdir sem valda einnig óafturkræfu raski á umtöluðum jarðminjum.

Umhverfisstofnun vekur þar að auki athygli á því að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Tillögurnar af B-hluta náttúruminjaskrár eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun samanber ákvæði þar að lútandi í náttúruverndarlögum. Tillögurnar eru meðal þeirra náttúruminja sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki enn hlotið málsmeðferð og því ekki verið samþykktar en Umhverfisstofnun vill benda á svæði innan sveitarfélagsins sem er á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og kallast það Melrakkaslétta. Hægt er að finna upplýsingar um staðsetningu tillagnanna í [kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands](#). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar upplýsingar um tillögusvæðin séu hafðar til hliðsjónar þegar áhrif á helstu umhverfisþáttum eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar þingsályktun um framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt á alþingi gilda réttaráhrif þeirra svæða sem falla undir hana skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.

Dýralíf og náttúrufar

Eins og fram kemur í greinargerð þá er hluti framkvæmdarsvæðis innan marka sem flokkast sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt greiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum. Fram kemur á yfirlitssíðu NÍ að svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir æður/æðarfugla, ritu, kríu, álku, lóm og himbrima á varptíma og á fartíma fyrir rauðbrysting, sanderlu, sendling og tildru. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir sendlinga að vetrarlagi og grágæs í fjaðrafelli. Þá er mikið fálkavarp á svæðinu. Samkvæmt minnisblaði frá Náttúrustofu Norðausturlands mun framkvæmdin hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf, þá aðallega á hettumáfs- og kríuvarp. Margar fuglategundir er að finna við Kópasker, þá hlutfallslega marga votlendis- og vatnafugla. Í minnisblaðinu segir: *Áhrif eldisstöðvarinnar gætu vegna staðsetningarinnar náð til miklu stærra svæðis en lóðarinnar einnar og fleiri fuglategunda en þeirra sem verpa á fyrirhugaðri lóð.*

Í minnisblaði Náttúrustofu Norðausturlands er áhersla lögð á að vel sé gengið til verka varðandi umgengni á fódri og úrgangi en það geti haft mjög slæmar afleiðingar ef fuglar komast í fóður eða lífrænan úrgang frá eldisstöðinni. Umhverfisstofnun tekur undir þessar ábendingar. Í greinargerð er tekið fram hvernig frárennsli muni vera háttað á svæðinu en stofnunin telur skorta nánari umfjöllun um hvernig komið verður í veg fyrir að fuglar komist í fóður á staðnum. Mikilvægt er að vöktun fari fram á því hvort fuglar komist í fóður eða í lífrænan úrgang frá starfseminni og að gripið yrði til fyrirbyggjandi ráðstafana ef þess þyrfti.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir munu ekki standa yfir meðan á varptíma stendur en í minnisblaði Náttúrustofunnar er tekið fram að framkvæmdin muni hafa áhrif á fuglalíf yfir rekstrartíma. Umhverfisstofnun tekur undir með Náttúrustofu Norðausturlands um að mikilvægt sé að huga að hvaða tími árs henti best til ákveðinna

framkvæmdafasa, t.d. jarðvinnu að vetri í stað vors og sumri. Einnig telur stofnunin mikilvægt að umferð og hávaða sé haldið í lágmarki á rekstrartíma til þess að sporna gegn truflun á fuglalífi.

Vatnsnýting, frárennsli og affall

Eingöngu verður notaður jarðsjór í kerjum til að ala stórseiði í eldisstöðinni og mun vatnið vera endurnýtt þrisvar sinnum. Volgum jarðsjó verður dælt upp úr borholum og notað til fiskeldis. Með rannsóknarborunum sem boraðar voru 1987 fannst 14-15°C heitur jarðsjór á um 90 metra dýpi og í kjölfarið voru fleiri holur boraðar. Alvarr ehf, fyrirtæki sem sérhæfir sig í borun, hefur lagt mat sitt á holurnar og komist að þeirri niðurstöðu að heppilegra sé að bora nýjar holur á svæðinu frekar en að nota þær sem fyrir eru. Gert er ráð fyrir sex virkum borholum fyrir jarðsjó. Holurnar verða 20 tommur (um 50 cm) breiðar og um 50 m djúpar. Vatnstaka úr borholunum verður um 200 l/sek að ársmeðaltali. Borholur verða staðsettar austan við jökulruðninginn.

Umhverfisstofnun óskar eftir nánari upplýsingum um hvers vegna núverandi borholur henti ekki fyrir vatnstöku á svæðinu, í stað þess að bora þurfi nýjar holur fyrir eldið.

Umhverfisstofnun minnir á að öll vatnstaka og viðbót borhola er leyfisskyld og því þurfi að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunnar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Mat á því hvort vatnstaka sé sjálfbær og hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Afrennslisvatn og endurnýtt vatn fer í gegnum miðlæga CO₂ afloftun og dælt í gegnum 90 micron agnaskilju (tromlusíu). Agnir sem skiljast frá vatninu renna í seyru tank og eru sogaðar þaðan í þurrk. Með þessari meðhöndlun verður affallið nánast lífagnalaust áður en það rennur til sjávar. Seyran (fastefni úr fiskeldiskerjum) sem skilst frá verður þurrkuð í 90% þurrefni. Í greinargerð segir: „*Seyran verður mögulega nýtt til uppgræðslu í sveitarfélaginu eða sem áburður, en útfærsla þess hefur þó ekki verið endanlega ákveðin. Seyran verður svo þurrkuð til þess að minnka flutningskostnað*“ (bls. 19). Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili skuli endurnýta fastefni sem síað er úr kerjum eftir bestu getu þar sem endurnýting er ofar í 7. gr. um forgangsröðun um meðhöndlun úrgangs í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Stofnunin telur jafnframt mikinn ávinning falin í því að endurnýta fastefnið sem áburð á land. Að jafnaði er fastefnið samansett úr fódurleifum og úrgangi frá eldisfiski en það inniheldur mikið af nitri og fosfór sem virka vel sem áburður á land. Sísti kostur í meðhöndlun þessa lífræna úrgangs er urðun að mati Umhverfisstofnunar. Þessu tengt bendir stofnunin á að við starfsleyfisveitingu mun rekstraraðili þurfa að skila inn áætlun um meðhöndlun úrgangs og er þar á meðal lífrænn úrgangur úr eldinu, þ.e. dauðfiskur og fastefni úr síum. Frárennslið frá stöðinni verður leitt í frárennislögn allt að 5 metra út fyrir stórstreymisfjöromörk. Um er að ræða uppleyst lífrænt efni sem leitt verður í frárennislögn til sjávar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við nýtingu vatns, affals né frárennsli. Stofnunin bendir á að rekstraraðila ber að síja fastefni úr frárennsli eldis og sjá til þess að losun uppleystra næringarefna í viðtaka haldist innan þeirra marka sem gefin eru í starfsleyfum, þ.e. 10 kg fosfór fyrir hvert framleitt tonn af fiski og 60 kg nitur fyrir hvert framleitt tonn af fiski.

Viðtakinn, útrás og hreinsun

Viðtakinn Öxarfjörður er skilgreindur skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en sá strandsjór hefur vatnshlotsnúmerið 102-1367-C og nefnist Hvanndalir að Digranesi. Vatnsflokkurinn er strandsjór og er ekki litið svo á að vatnshlotið sé í hættu. Staðbundið álag er við Þórshöfn sem líklega má rekja til skólpveitu án hreinsunar en vatnshlotið er stórt og vel opið fyrir öldu. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal allt vatn vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi.

Samkvæmt markmiðum laga um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu viðmið vera mælanleg svo hægt sé að meta vistfræðilegt ástand vatnshlota. Þannig er hægt að tryggja verndun vatns, vatnavistkerfa og vistkerfa sem tengjast vatnabúskap. Ennfremur er það markmið reglugerðarinnar að setja vöktunaráætlun fyrir vatnshlot. Umhverfisstofnun bendir á að við útgáfu starfsleyfis þarf að liggja fyrir vöktunaráætlun.

Frárennsli verður leitt í niðurgrafna frárennislögn og stökk sem nær 5 metra út fyrir stórstraumsfjöru eða 20 metra út frá stórstraumsfjörumörkum. Þar flytur strandstraumur efni úr frárennsli frá suðri til norðurs. Gert er ráð fyrir tvöföldu öryggi gegn því að seiði sleppi í viðtaka. Annars vegar stálist við útfall vatns úr kari og hinsvegar síun í þéttum tromlufilterum þegar affalsvatn fer þar í gegn.

Að því gefnu að viðmiðunarmörk séu virt telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að viðtaki verði fyrir miklum áhrifum af framkvæmd. Umhverfisstofnun tekur fram að málefni sleppinga eru á verksviði Matvælastofnunar.

Annað

Stofnunin telur að í greinargerð vanti umfjöllun um hvað skal gert við dauðfisk sem reglulega verður fjarlægður úr eldiskerjum. Umhverfisstofnun telur að endurnýta eigi dauðfiskinn eftir bestu getu.

Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar verður sú að framkvæmdin verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum minnir Umhverfisstofnun á 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum: „Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd“. Framkvæmdaraðila er bent á skilyrði sem tryggja að framkvæmd sé í samræmi við þær forsendur sem lagt er upp með í tilkynningarskýrslu en líkleg umhverfisáhrif hafa verið metin út frá þeim forsendum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að brýna það fyrir framkvæmdaraðila að ef umsókn til leyfisveitanda er ekki í samræmi við umrædda tilkynningu (tilkynningarskýrslu framkvæmdar til ákvörðunar um matsskyldu) þá verður að tilkynna framkvæmdina aftur.

Umhverfisstofnun minnir á að útgáfa starfsleyfa tekur allt að 240 daga frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar liggja skýrt fyrir og að ferli mats á umhverfisáhrifum sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari

mynd á mengun starfseminnar og áhrif hennar á umhverfið. Líkt og fram kemur í greinargerð er Umhverfisstofnun starfsleyfisútgefandi fyrir landeldisstarfsemi og munu verða settar mengunarvarnarkröfur í starfsleyfi sem rekstraraðila er gert að uppfylla líkt og fram hefur komið í þessari umsögn.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemi muni uppfylla skilyrði mengunarvarna sem sett verða í starfsleyfi Umhverfisstofnunar, telur stofnunin að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Aron Geir Eggertsson
Sérfræðingur



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri